## Hagkvæmt fóður fyrir hrausta hunda



Kappi hentar ágætlega öllum hundum frá um 12 vikna aldri. Stærð máltíðarinnar fer eftir hundakyni, aldri og krafti hundsins. Eldri hundar þurfa minna en kraftmiklir ungir hundar af sömu stærð. Tíkur með hvolpa á spena þurfa allt að fjórum sinnum meira fóður.



## Aðrar upplýsingar

Innihaldið í 20 kg poka af Kappa hundamat endist meðalstórum hundi í tíu vikur. Eigandinn getur verið viss um að í hverjum bita fær hundurinn rétt samsetta fæðu, sem er grundvöllur þess að hundurinn sé hraustur og ánægður.

Kappa hundamat skal ávallt geyma á þurrum og svölum stað. Pokanum á að loka sem best eftir hverja notkun. Kappi er fáanlegur í 20 kg pokum beint frá Fóðurblöndunni.



# KAPPI

HUNDAMATUR

KAPPI er heilfóður sem inniheldur:

Maís, loðnumjöl, sojaprótein, sykurrófumjöl, hveiti, lýsi, sojaolíu (þráavarin með BHT), vítamín, steinefni og salt.

Næringargildi í hverjum 100g:

| | |
|---|---|
| Prótein | 22g |
| Fita | 7g |
| Trefjaefni | 3g |
| Vatn | 10g |
| Aska | 7g |
| (þar af óleysanleg í saltsýru | 0,2g) |
| Kalsíum | 1,3g |
| Fosfór | 0,9g |
| Breytiorka | 1320kJ (315kcal) |

Í hvert kg af KAPPA hundamat er einnig sett:

| | |
|---|---|
| A vítamín | 10000AE |
| D3 vítamín | 1000AE |
| E vítamín | 200AE |
| B1 vítamín | 9,0mg |
| B2 vítamín | 6,0mg |
| B6 vítamín | 9,0mg |
| B12 vítamín | 0,04mg |
| Pantoten | 12,0mg |
| Níasín | 30,0mg |
| Bíótín | 0,13mg |
| Fólín | 0,6mg |
| Kólín | 625mg |
| Járn | 200mg |
| Kopar | 6mg |
| Mangan | 5mg |
| Sink | 100mg |
| Selen | 0,15mg |

Hönnun: Næst... Auglýsingastofa Prentun: Svansprent

FÓÐURBLANDAN

- gæði í hverri gjöf

FORYSTA Í FÓÐURBLÖNDUN


# KAPPI

HUNDAMATUR


## Alhliða fæða fyrir hunda af öllum stærðum



GÓÐUR KOSTUR OG ÍSLENSKUR

# KAPPI

**HUNDAMATUR**

## Fóðurblandan hf. kynnir Kappa, hundamat úr íslenskum hráefnum

### Vönduð vinnubrögð



Hjá Fóðurblöndunni starfar fóðurfræðingur og fylgist hann með því að uppskriftir og framleiðsla sé í samræmi við nýjustu upplýsingar og bestu þekkingu á hverjum tíma. Við þróun Kappa naut Fóðurblandan ráðgjafar eins færasta og virtasta sérfræðings í fóðrun gæludýra í Bandaríkjunum og var lokauppskriftin prófuð með fóðrun hundahóps í meira en 12 mánuði áður en Fóðurblandan taldi undirbúningi lokið. Kappi er heilfóður sem þýðir að það er næringarfræðilega rétt samsett fyrir hunda og við Kappa þarf hvorki að bæta dósamat né kexi (mixer).



### Alltaf bestu hráefni

Í Kappa eru notuð bestu fáanlegu hráefni og íslensk öðrum fremur þegar framboð leyfir. Hráefnin eru aðallega valdar korntegundir, loðnumjöl og lýsi. Þessu er blandað saman í tölvustýrðu og lokuðu framleiðsluferli. Þessi nákvæma blanda sér hundinum þínum fyrir orku og próteini í réttum hlutföllum til þess að hann þrífist sem best. Auk þess eru í Kappa hundamat öll vítamín, steinefni og ýmis snefilefni sem nauðsynleg eru fyrir hraustlegt útlit og gljáandi feld.

### Gæðaeftirlit



Kappi er undir stöðugu gæðaeftirliti á rannsóknarstofu Fóðurblöndunnar og allir pokar eru stimplaðir með „best fyrir“ dagsetningum. Kappa hundamatur er gefinn beint úr pokanum eða bleyttur upp í vatni og gefinn strax. Þegar skipt er yfir í Kappa hundamat er ráðlegt að gefa gömlu blönduna saman við í nokkra daga.

GÓÐUR KOSTUR …OG ÍSLENSKUR

Hundurinn á alltaf að eiga kost á góðu drykkjarvatni í hreinu íláti.

| Ráðlagður dagskammtur fyrir fullvaxna hunda: | GRÖMM | BOLLAR |
|---|---|---|
| **1-5 kg** DVERGHUNDAR t.d. Pug, Papillion | 30 - 135 | $\frac{1}{3}$ -$1\frac{1}{3}$ |
| **5-10 kg** SMÁHUNDAR t.d. Poodle, Terrier | 135 - 225 | $1\frac{1}{3}$- $2\frac{1}{4}$ |
| **10-25 kg** MEÐALSTÓRIR HUNDAR t.d. Íslenski fjárhundurinn, Springer Spaniel | 225 - 425 | $2\frac{1}{4}$- $4\frac{1}{4}$ |
| **25-35 kg** STÓRIR HUNDAR t.d. Labrador, Golden Retriever, Séfer, Setter, Collie | 425 - 600 | $4\frac{1}{4}$- 6 |
| **35-50 kg** MJÖG STÓRIR HUNDAR t.d. St. Bernharð, Briard, Nýfundnalandshundur | 600 - 800 | 6 - 8 |

1 bolli = 100g